



Þeirra til að gera uppreisn gegn

Um málverk Hlaðgerðar Írisar Björnsdóttur

Ég hendist fram í þvottahúsið í sameign blokkarinnar, sakbitin yfir tilhugsuninni að þvottur á mínum vegum hafi hertekið allar snúrurnar í næstum tvo sólarhringa með tilheyrandi gremju og óþægindum fyrir nágrannana. Ilmurinn af mýkingarefni tekur á móti mér þegar ég snarast inn á steinsteypt gólfíð. Í augnablik missir hjartað úr slag. Allur þvotturinn er horfinn! *Getur það verið?* Vissulega kemur það vel á vandan að hefnast fyrir heimtufrekjuna sem felst í því að breiða úr sér yfir sex þvottasnúrur af átta, en fjandinn hafi það – er ekki fulllangt gengið að refsa manni með því að ræna fjölskyldumeðlimina fatnaði og upplituðum sængurverum?

Mér er skapi næst að hlunkast í vonleysi niður á gólf, þegar ég kem auga á þvottinn og fyllist undrun. Einhver hefur brotið hann orðalaust saman í snyrtilega stafla sem tróna á viðarborðinu úti við vegg. Feginleikanum sem flæðir um mig fylgir samviskubit yfir vinnunni sem einhver natinn granni lagði á sig vegna gleyskunnar í mér. *En hver?*

Ég hef ekki tíma til að velta svarinu fyrir mér því ég þarf að sækja fjögurra ára son minn, sem fékk að fara í heimsókn til tveggja systra á sama reki og hann sjálfur. Þær búa á ganginum hinum megin við þvottahúsið, í íbúð sem er spegilmynd af minni. Móðir þeirra kemur til dyra og við heilsumst með feimnislegu kurteisinni er einkennir nágranna sem eru enn að kynnast. Hún hverfur inn í barnaherbergi til að sækja son minn og ég stíg inn í tímalausa vídd íbúðarinnar. Húsgögnin eru gegnheil, jarðbundin og dökk á lit. Dauf lykt af olíumálningu leggur út úr stofunni á hægri hönd. Skyndilega fæ ég á tilfinninguna að einhver sé að horfa á mig. Meðfram veggjunum í stofunni standa fígúratíf málverk af öllum stærðum, gerðum og vinnslustigum, og á þeim eru sláandi raunveruleg barnsandlit sem fylgjast með hverri hreyfingu minni. Ég geng opinmynnt inn í dagsbirtuna sem flæðir inn um stóra stofugluggana og lýsir upp strigann á trönunum. Enn má greina blýantsstrik skissunnar sem senn verður málað yfir. Þótt penslum og túpum ægi saman við innanstokksmuni og barnaleikföng er tilfinningin samt sú að hér sé röð og regla á hlutunum – eða agi, öllu heldur. Sama aga gefur að líta í hárnákvæmum pensildráttunum. Tímaleysið í stofunni blæðir inn í málverkin, í fatnað barnanna sem gæti allteins verið frá æskuárum ömmu minnar með hnjásokkum, tvíhneptum barnakápum og skóm með spennu. *Þessi börn gætu verið á leið heim í braggahverfið á fimmta áratugnum, en þau gætu líka verið á leiðinni heim að horfa á Netflix,* hugsa ég með mér.

Allt í einu ratar þúslíð á réttan stað í kollinum á mér. *Hlaðgerður*. Myndlistarkonan með stóru, alvarlegu augun sem málar stór málverk af alvarlegum börnum sem búa yfir samskonar dulúð og dýpt og einkennir hana sjálfa. Málverk sem ég sá fyrst mörgum árum áður, á kaffihúsi á Rauðarárstíg, og greiptust í huga minn eins og húðflúr. *Auðvitað. Þetta er hún*, hugsa ég andaktug þegar hún birtist í stofugættinni. Ég brosi afsakandi, gripin glóðvolg við tröurnar. Hún gefur mér góðfúslegt leyfi til að litast um og býður mér að skoða málverkin sem staflað hefur verið við vegginn. Ég fletti gegnum listilega málaða andlitsdrætti, fingerðar hendur, hrufluð hné.

Hvort sem um er að ræða kvikmyndir, myndlist eða annað form er listaverkum, sem fela í sér börn, kleift að fylla áhorfandann sérstakri tegund ótta um afdrif sakleysisins. Í spilltum heimi er ógnin sem steðjar að því aldrei langt undan. Fölskvaleysi barna veitir hárbeitt mótvægi við núturleika tilverunnar á hátt sem fær mann til að vilja líta undan og halla sér nær, allt í senn. Varnarleysi þeirra sverfir hnífsblað ábyrgðarinnar og leggur það að hálsi fullorðinna. Þess vegna líður okkur best með dúðaða, meinlausa og umfram allt örugga framsetningu á börnum. Skælbrosandi með eiturefnalaus leikföng sem standast Evrópustaðla og ábyrgan forráðamann í seilingarfjarlægð. Til að styrkja þægindarammann enn frekar

aðgreinum við kynin skilmerkilega, eftirlátum strákunum ævintýrin og ærslaganginn um leið og við leggjum passífa krúttslíkju yfir bleika stelpudótið með forskeytinu „prinsessu-“ framan við.

Ekkert af þessu einkennir verk Hlaðgerðar. Börnin sem þar gefur að líta – langoftast stúlkubörn – eru ein í stórri veröld, ábúðarfull og alvarleg. Engar barnalæsingar, engir fullorðnir, engin trygging fyrir neinu. Stundum horfa þau í fjarskann, stundum mynda þau áleiðið augnsamband sem er allsendis laust við þörfina að þóknast áhorfandanum. Þau eiga sér tilvist á eigin forsendum; litlar mannverur í gímaldinu sem heimurinn er, blautar á bakvið eyrun með ævaforar sálir. Yfir vötnum svífur lágstemmdur, hárfinn háski sem birtist í margræðum táknum: Blóðrauða klútnum sem er bundinn fyrir vit lítillar stúlku, þokunni sem vofir yfir stúlkubarninu sem stendur í myrku stöðuvatni á nærbuxunum, rammgerðu rimlunum sem önnur lítil stúlka gægist á milli. Barnið í bláa kjólnum sem stendur hreyfingarlaust og snýr andlitinu til veggjar – hvaða ofbeldisseggur fyllti það slíkri skömm?



Eftir að hafa þreifað á málverkunum með tilfinningum mínum, heilluð af lágstemmda óhugnaðinum sem ég tel mig skynja, tekur rökhugsun mín við. „Óhugnaður...“ segir hún ögrandi, „ertu viss um það? Þessi stúlka við vegginn, er hún kannski að telja upp að tíu og mun síðan rjúka af stað með augun logandi af ákafa í leit að leikfélögum sínum? Og rammgerðu rimlarnir á hinu málverkinu, er þetta kannski leikskólahlið sem veitir lífsnauðsynlega vernd gegn bílaumferðinni? Barnið með klútinn fyrir vitunum, gæti það verið í skollaleik? Þoka gerir engum mein. Er ógnin kannski ímyndun og ofbeldið bara í höfðinu á þér?“

Að mínu mati er eftirminnilegasta list veraldarsögunnar sú sem fær áhorfandann til að afhjúpa sig. Fátt afhjúpaði yfirlætið í snobbhæsum listaelítunnar jafn rækilega og klósettskál Duchamps, sem fékk hana til að froðufella af bræði yfir því að skilgreiningunni á list væri ögrað. Þar sem ég stend í stofu Hlaðgerðar og virði fyrir mér málverkin afhjúpast ótti minn

um sakleysið í háskalegum heimi; um getu hins varnarlausa til að rata heim þegar þokan skellur á.

Bandaríkjamaðurinn Andrew Wyeth var talinn af mörgum vera bæði einn ofmetnasti og einn vanmetnasti listamaður tuttugustu aldarinnar. Líkt og Hlaðgerður málaði hann figúratíf verk með ríkulegu og oft angurværu andrúmslofti. Hann leitaði ekki langt yfir skammt að innblæstri heldur málaði einfaldlega „líf mitt og fólkið í því“, eins og hann komst að orði. Ég uppgötva að dætur Hlaðgerðar, sem eru í skríkjandi eltingaleik við son minn, eiga sér annað líf í málverkum móður sinnar. Meira að segja stofuglugginn, sem hleypir birtu í þetta vinnurými, er fangaður á einum striganum. Á öðrum trónir Esjan yfir dótturinni, sem stendur í flæðarmálinu með litla olíulukt í hendi og horfir þungbúnum augum út í eilífðina.



„Þegar ég var að byrja að mála var ég stundum sett fram sem „einhver húsmóðir sem malar börnin sín“ og ég upplifði stundum að það sem ég var að gera væri ekki tekið nógu alvarlega,“ segir Hlaðgerður mér. „Þegar ég var í Listaháskólanum reyndu kennararnir að fá mig frekar inn í það sem var að gerast í listinni hér á þeim tíma, sem var konsept list með gjörningum og videoverkum, og tilfinningarnar voru settar fram á annan hátt en í „hefðbundnu portretti,“ eins og sagt var við mig. En ég held það sé mikilvægt að fylgja því sem kemur frá manni sjálfum, án þess að það sé þvingað eða í tísku. Fylgja því sem maður hefur köllun til að gera.“

Ég læt augun hvarfla yfir margræðu, heillandi og stundum hættulegu málverkin sem prýða stofuna og er fyrirmunað að skilja hvernig hægt er að taka þau annað en alvarlega. Önnur dóttirin kemur til móður sinnar með hárbörða sem hefur losnað. Mér verður starsýnt á málningarblettina á fingrum Hlaðgerðar sem vefast kvikir inn og út úr hárléttu barnsins; léttu sem verður leyst úr hárinu í kvöld en mun eilíflega hanga þéttofin niður undan þrjónahúfunni við Esjurætur. Handbragðið er í báðum tilvikum þjálfað og natið.

„Það varst þú,“ uppgötva ég. „Takk fyrir að brjóta saman þvottinn minn.“

„Iss, það var ekkert,“ segir hún og gaukar nýsteiktri kleinu að syni mínum.

Ég tek í hönd hans og við göngum heim í gegnum þvottahúsið. Nærgöngul barnsandlitin svífa fyrir hugskotssjónum mínum og blandast lyktinni af blautum þvotti, lykt sem formæður okkar strituðu við til dauðadags. Við búum í heimi með aldagamla hefð af því að vanmeta hið kvenlega, setja það skör neðar og gengisfella það eftir hentisemi. Heimi þar sem laun fagstétta lækka í beinu hlutfalli við fjölda kvenkyns starfsmanna; þar sem fjarvera kvenna er hrópleg í listasögubókunum; þar sem málurum á borð við Aleah Chapin berst gengdarlaus haturspóstur fyrir að mála nakta líkama eldri kvenna; þar sem „kynbundið“ er forskeyti ofbeldis og eyðileggingar. Heimi þar sem lægsta skörin í virðingarstiganum tilheyrir stúlkubarninu. Verk Hlaðgerðar snúa þessari valdaskipan við og veita stúlkum tilvistarrétt sem er hvorki bleikur, krúttlegur né á forsendum annarra. Hún lyftir fram stúlkunni sem miðpunktinum, lífinu og sálinni í veröld sem er á köflum ógnvekjandi en óumræðilega þeirra. Þeirra til að hreyfa sig í, anda að sér, eigna sér. Þeirra til að vaða í á nærbuxunum, þeirra til að kanna skuggahliðarnar á, þeirra til að gera uppreisn gegn. Þeirra til að skora á þig, kæri áhorfandi. *Sérð þú ógnina?* spyrja þær. *Hvort segir það meira um þig eða heiminn sem þú ánaðnaðir okkur?*

Vorið 2016, eða þremur árum eftir að ég leiddi son minn heim með munninn fullan af nýsteiktri kleinu, hélt Hlaðgerður sýningu á Ítalíu. „Ég fór með málverk af stúlku, sem er með bundið fyrir augun, og þrjú börn sem standa fyrir aftan hana og horfa á,“ sagði hún mér. „Ég málaði klútinn fyrir öllu andliti hennar, ekki bara fyrir augunum. Ég fann hvað þetta hafði mikil áhrif á suma áhorfendur. Hugmynd sem kviknar hjá mér getur orðið fyrir áhrifum af atburðum í samfélaginu eða tilfinningalífi áhorfandans, það er svo margt sem spilar inn í túlkunina. Táknar þessi mynd konu með bundið fyrir augun, á að hylja andlit kvenna? Á að skoða þessa mynd út frá einhverju allt öðru en einhverjum hollin-skollin leik?“

Ég skil þessar vangaveltur vel. Svipaðar spurningar vakna í hvert sinn sem verk Hlaðgerðar ber á góma – sem er ósjaldan á mínu heimili, eftir að ég keypti málverkið af barninu í bláa kjólnum sem snýr andlitinu til veggjar. Ég lýsi hvernig verkið vekur líflegar umræður meðal

gesta um skömm eða feluleiki, undirokun eða barnslega spennu. Hlaðgerður kinkar kolli.
„Þótt grimmd heimsins geti sært sakleysi barnsins, það sýnir það um leið styrkleika einstaklingsins,“ segir hún. „Sérstaklega styrk barna.“

Styrkur einskorðast nefnilega ekki við hið gamla, né við hið karllæga. Reynsluleysi jafngildir ekki veikleika. Lífið er tíminn sem fer í að brjóta saman þvott og strengja striga og flétta hár og hreinsa pensla; listin er húsmóðir sem málar börnin sín.

Og svona líka hryllilega vel.

—Þórdís Elva Þorvaldsdóttir